

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015, Ljósárvirkjun og frístundabyggð í landi Kirkjulækjarkots 1 og Sámsstaða.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. júlí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015 frá 20. október 2005.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Svæði úr landi Sámsstaða í Fljótshlíð, 30,7 ha, breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.
- Svæði úr landi Kirkjulækjarkots 1 í Fljótshlíð, 7,8 ha, breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.
- Svæði úr landi Neðri-Dals í Vestur Eyjafjöllum, 32,1 ha, breytist úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings eystra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 3. júlí 2006.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.